


Gildandi deiliskipulag tók gildi 21. júní 2007 og síðast breytt 29. janúar 2015- mkv. 1:2000

## Gildandi deiliskipulagsskilmálar

4.4.4. Lóðir og lóðafrágangur (texti úr kaflanum sem tekur breytingum)

Á eftirtöldum lóðum við Baldursnes nr. 2, 4, 6, 8, og við Njarðarnes 1, 2, 9 og 14 er annars vegar kvöð um bundna byggingarlínu og hins vegar kvöð um 3.0 m breiðan göngustíg meðfram ofangreindum húsum og að lóðarmörkum beggja vegna (hvers húss).

Með bundinni byggingarlínu er átt við að bygging skulu snerta byggingarlínuna að einhverju eða öllu leyti. Stígurinn er á kostnað lóðarhafa.

Eftir lóðarmörkum sömu lóða og eru með kvöð um bindandi byggingarlínu skal planta a.m.k. einu tré á hverja 5 m. Plantað verði a.m.k. 3 m háum lauftrjám og a.m.k. 1.5 m háum sígrænum trjám í jöfnu hlutfalli. Tegundum skal blanda saman.



Aðalskipulag Akureyrar 2005 - 2018 - mkv. 1:10.000

## Stutt lýsing á breytingu á deiliskipulagi

Lóðarhafar 7 af 8 lóðum sem deiliskipulagsbreytingin tekur til, hafa óskað eftir að kvöð um göngustíg innan þeirra lóða verði felld niður.

Breytingin felst í því að felld er niður kvöð um göngustíg á lóðunum við Baldursnes 2, 4, 6 og 8 og Njarðarnes 1, 2, 9 og 14. Í stað hávaxins trjágróðurs á lóðunum skal notaður lágvaxinn gróður. Bætt er við tengingu milli göngustígs vestan Baldursnes og göngustígs við Njarðarnes 14. Einnig er settur inn gangstígur meðfram lóðum við Baldursnes 2 og 4 og Njarðarnes 1 og 9.

Að öðru leyti gildir áfram gildandi deiliskipulag ásamt greinargerð sem tók gildi í B-deild þann 21. júní 2007 ásamt síðari breytingum.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem grenndarkynnt hefur verið skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010 m.s.br. frá 6. nóvember til 4. desember 2014 var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar þann 3. febrúar 2015.

[signature]

Bæjarstjóri Akureyrarbæjar

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsbreytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 20. feb. 2015.




Deiliskipulagsbreyting - mkv. 1:2000

## Breyttir deiliskipulagsskilmálar

4.4.4. Lóðir og lóðafrágangur (texti úr kaflanum sem tekur breytingum)

Á eftirtöldum lóðum við Baldursnes nr. 2, 4, 6, 8, og við Njarðarnes 1, 2, 9 og 14 er kvöð um bundna byggingarlínu. Með bundinni byggingarlínu er átt við að bygging skal snerta byggingarlínuna að einhverju eða öllu leyti.

Eftir lóðarmörkum sömu lóða og eru með kvöð um bindandi byggingarlínu skal planta lágvöxnum runnagróðri. Tegundum skal blanda saman.

## Skýringar

Allt svæðið er skilgreint sem athafnasvæði

- Skipulagsmörk
- Afmörkun skipulagsbreytinga
- Heilar og brotnar lóðar- og byggingalínur sem falla út úr skipulagi
- Nýjar lóða- og byggingalínur
- Göngustígur
- Göngustígur innan lóðar
- Kvöð um lagnaleið innan lóðar
- Lóðarmörk, lóðir undir athafnastarfsemi
- Lóðamörk, veitur
- Núverandi hús
- Byggingarreitur
- Þakhalli / H.marks n.hlutfall / Mesta vegghæð / Mesta mænishæð (0–35° 0.3 / 6.0 9.0)
- F= Flatarmál lóðar
- Umferðartenging lóða við safngötur
- Ný byggingarsvæði
- Opið, óbyggt svæði

| | | |
|---|---|---|
| form<br>ARKITEKTAR HÖNNUÐIR KAUPANGI v/MÝRAVEG 600 AKUREYRI SÍMI 462 6099 NETFANG: form@nett.is | AKUREYRARBÆR KROSSANESHAGI<br>STÍGUR FELLDUR NIÐUR VIÐ BALDURSNES OG NJARÐARNES. | 1 |
| VST Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf.<br>Glerárgötu 30, 600 Akureyri Sími: 460 9300 Fax: 460 9301 | DEILISKIPULAGSBREYTING. | |
| TEIKNAÐ: ÁH, MM · MÆLIKVARÐI: 1:2000 · DAGS: 29.10.2014 | BREYTT: · BREYTT: · BREYTT: | TEIKNING NR. |